

Laumulistasamsteypa kynir: HAMUR / HAM

Laumulistasamsteypa er fjölbreytilegur hópur ungra listamanna sem kemur árlega saman og vinnur að skapandi verkefni í Hrísey, Eyjarfirði. Samsteypa hefur undanfarin þrjú ár haldið blauta myndlistarsýningu í fiskvinnsluhúsi, gjörninga-leiðangur um eyjuna með tónlist, njósnum og hljóðverkum og í fyrra stóð samsteypa fyrir skammtíma útvarpsstöð og hlaðvarpi sem gerði út frá Hrísey.

HAMUR / HAM er titill verkefnis Laumulistasamsteypunnar 2017. Umgjörð HAMUR / HAM felst fyrst og fremst í sérhannaðri sviðsmynd undir handleiðslu Örnú Maríu Kristjánsdóttur (leikmunahönnuði), Helenu Aðalsteinsdóttur og Ásgerðar Birnu Björnsdóttur. Hópur Laumulistasamsteypunnar, 16 listamenn frá Íslandi, Danmörku og Hollandi, vinna svo verk inni þessa sviðsmynd í 10 daga dvöl sinni í Hrísey. Sviðsmyndin hefur það hlutverk að mynda eins konar rauðan þráð í þeim verkum sem unnin verða á meðan á dvölinni stendur í eygni og gefur hópnum sjónrænt umhverfi til þess að vinna innan og bregðast við. Það mætti líkja sviðsmyndinni við sett fyrir spjallþátt í sjónvarpsveri - þar sem ólíkir gestir stíga á stokk og leika kúnstir sínar í sama einkennandi umhverfinu. Sviðsmyndin verður tilbúin áður en þátttakendur koma á staðinn svo að listamennirnir geta komið að henni með ferskum augum, brugðist við og framkvæmt þær hugmyndir sem kvikna við fyrstu sýn.

Dvölinni í Hrísey mun ljúka með uppskeruhátíð og sýningu í Hrísey auk þess sem brot af verkum verða birt daglega á heimasíðu Laumulistasamsteypunnar, www.laumulistasamsteypa.com. Afrakstri dvalarinnar verður svo umbreytt í tvær sýningar með völdum verkum, gjörningum og viðbrögðum bæði í Harbinger sýningarrými í Reykjavík og at7 sýningarrými í Amsterdam.

HAMUR / HAM er fyrst og fremst samstarfsverkefni þar sem hópur af listamönnum vinna og hrærast saman í ákveðinn tíma, í eigin heimi án daglegs áreitis. Helena og Ásgerður Birna eru skipuleggendur verkefnisins, búa til umgjörðina og sjá um öll praktísk atriði en þegar á hólminn er komið tekur hópurinn allar listrænar ákvarðanir í sameiningu.